

Námsáætlun fyrir íslensku - 5. bekkur
skólaárið 2023-2024



Kennari: Ásta Sigurlaug og Íris Anna
Tímafjöldi: 7 kennslustundir á viku

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
Talað mál, hlustun og áhorf	<ul style="list-style-type: none">Tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar.Hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum.Átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi	<ul style="list-style-type: none">Að nemendur fái tækifæri til að tjá sig, segja frá eigin reynslu, endursegja og lesa upp eigin texta og annarra og æfi sig að sýna flytjendum tillitssemi, hvort sem er inn í kennslustofunni eða á öðrum viðburðum á vegum skólans.Að nemendum sé gerð grein fyrir þeim reglum sem gilda þegar margir vilja tjá sig og æfi sig í að fara eftir þeim.Nemendur taki þátt í stuttum leikþáttum og söngatriðum t.d. á árshátíð og í helgileikriti.	Verkefni í framsögn. Framkoma og samskipti við aðra.
Lestur og bókmenntir	<ul style="list-style-type: none">Lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað.Lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær.Valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju.Greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og	<ul style="list-style-type: none">Lögð verður áhersla á að nemendur auki lestrarhraða sinn. Nemendur lesa daglega heima í 15 mínútur upphátt fyrir foreldra/forráðamenn. Yndislestur fer fram á hverjum degi og þá lesa nemendur í bók að eigin vali í 10 mínútur í hljóði.Daglega er lesið fyrir nemendur þeim til skemmtunar og fróðleiks. Nemendur geta valið sér bók á bókasafninu til að lesa í heima eða í skólanum.	Lesferill, lesfimispróf í september, janúar og maí. Lesskilningskannanir.

	<p>notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta.</p>	<ul style="list-style-type: none"> Nemendur þjálfast í lesskilningi með því að hlusta á texta, lesa texta og vinna verkefni og/eða svara spurningum úr þeim. 	
Ritun	<ul style="list-style-type: none"> Skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur. Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim. Samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa. 	<ul style="list-style-type: none"> Nemendur eru þjálfaðir í að semja sögur og lesa þær upp. Nemendur skrifa eftir forskrift. Stafsetning er þjálfuð markvisst. Þá eru unnar æfingar, skrifaðir textar og reglur kenndar og þjálfðar. 	<p>Ritunarverkefni Stafsetningarverkefni Orðabókarverkefni</p>
Málfræði	<ul style="list-style-type: none"> Gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það. Gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það. Nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál. 	<ul style="list-style-type: none"> Kennsla í málfræði tengist fjölbreyttri verkefnavinnu sem miðar öll að því að efla almenna þekkingu og tilfinningu nemenda fyrir móðurmálinu. Nemendur vinna með tungumálið á ýmsan hátt t.d með sögum, myndasögum, krossgátum og ýmsum orðaleikjum. Unnið er með orðflokkana nafnorð, sagnorð og lýsingarorð út frá helstu einkennum þeirra. Lögð er áhersla á vandaðan frágang allra verkefna 	<p>Málfræðikannanir tvisvar yfir önnina.</p> <p>Ýmis málfræðiverkefni í gegnum Seesew</p>

Námsgögn:

Lestrarbækur í samræmi við getu og áhuga hvers og eins, Skrift 5, Orðspor 1, Orðspor 1-vinnubók, Málrækt 1, Fyrsti smellur og ýmis verkefni frá kennara. Ýmis ljósrit og verkefni frá kennara. Benjamín dúfa.

Lokanámsmat:

Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnistáknum og safna þannig á hæfnikort sitt.